

# Reglur um val í landslið Dansíþróttasambands Íslands

## 1. grein

Landsliði Dansíþróttasambands Íslands (hér eftir DSÍ) er skipt í fernt, latin A og B landslið og ballroom A og B landslið.

## 2. grein

Val í landslið er frá Íslandsmeistaramóti þessa árs til Íslandsmeistaramóts þess næsta. Val í latin landslið gildir frá Íslandsmeistaramóti í latin til Íslandsmeistaramóts í latin árið á eftir. Val í ballroom landslið gildir frá Íslandsmeistaramóti í ballroom til Íslandsmeistaramóts í ballroom árið á eftir. Val í 10 dansa landslið (það er í bæði latin og ballroom landslið) frá 10 dansa Íslandsmeistaramóti til 10 dansa Íslandsmeistaramóts árið á eftir.

## 3. grein

Þau pör sem lenda í tveimur efstu sætum á Íslandsmeistaramótum í keppnisflokkunum unglingar II, ungmenni, fullorðnir og atvinnumenn (meistaraflokkar) latin og ballroom eru valin í A landsliðið. Þau pör sem lenda í þriðja sæti eru valin í B landslið ásamt þeim keppendum sem lenda í fyrsta sæti í sóló á Íslandsmeistaramótum í ofangreindum keppnisflokkum. Þó geta þeir dansarar sem keppa í flokki para ekki unnið sér sæti í landsliðið í gegnum sóló flokka.

Í flokki 10 dansa gefur fyrsta sæti rétt til að vera valin í A landslið, annað sæti í flokki 10 dansa vinnur sér sæti í B landsliðum ef viðkomandi er ekki nú þegar í A landsliði.

## 4. grein

Par í flokki ungmenna getur ekki tekið sæti í landsliðinu í flokki fullorðinna og færast sá réttur til þess sem lendir í næsta sæti fyrir neðan.

## 5. grein

Pör sem lenda í tveimur efstu sætum í meistaraflokki í latin og ballroom dönsum á Íslandsmeistaramóti DSÍ og pör sem lenda í fyrsta sæti í meistaraflokki á Íslandsmeistaramóti DSÍ í 10 dönsum öðlast þátttökurétt á heims- og evrópumeistaramót á vegum WDSF.

Pör geta ekki unnið sér rétt til að keppa á heims- og evrópumeistaramótum í öðrum aldursflokkum en sínum.

## 6. grein

Ef þau pör í A landsliði sem rétt hafa skv. 3. – 5. grein geta af óviðráðanlegum ástæðum ekki nýtt sér rétt sinn til að fara á heims- og evrópumeistaramót færast þátttökurétturinn til parsins í B landsliðinu.

## 7. grein

Þau pör sem vinna sér keppnisrétt á ofangreind mót munu fá tilkynningu þess efnis frá DSÍ þar sem tilgreindur er sá frestur sem parið hefur til að tilkynna hvort þau ætli að nýta sér keppnisréttinn. DSÍ greiðir fasta upphæð þeim sem unnið hafa þátttökurétt á heims- og evrópumeistaramót. Upphæð styrksins er ákveðin af landsliðsnefnd fyrir hvert mót.

## 8. grein

Til þess að danspar öðlist rétt til þátttöku í landsliði DSÍ verður annar aðilinn að ná minnst 14 ára aldri á almanaksárinu.

#### 9. grein.

Til þess að halda sæti í landsliði ber dönsurum að keppa á öllum mótum sem haldin eru á vegum DSÍ. Ef dansarar af einhverjum ástæðum sjá sér ekki fært að keppa á þessum mótum skulu þeir tilkynna það skriflega til landsliðsnefndar sem fyrst.

#### 10. grein

Dansarar í landsliði DSÍ þurfa að samþykkja aga- og siðareglur DSÍ og landsliðsnefndar ásamt því að skrifa undir samning sem landsliðsnefnd útbýr á hverju landsliðsári. Brot á þeim reglum geta leitt til brottvísunar úr landsliði.

#### 11. grein

Landsliðsnefnd DSÍ gerir samning við alla iðkendur sem vinna sér rétt til þátttöku í A og B landsliði DSÍ. Í þessum samningi skal koma fram réttindi og skyldur þátttakenda í landsliðinu, hvaða mót er ætlast til að iðkendur taki þátt í á vegum DSÍ, upphæð styrkjar fyrir hvert mót sem DSÍ býður dansara að mæta á erlendis.

#### 12. grein

Iðkendur í A landsliði skulu tilnefna sinn eigin landsliðspjálfa og eiga þau rétt á styrk frá DSÍ vegna starfa hans.

A landslið verður í forgangi við úthlutun á æfingátímum hjá dómurum eftir mót.

Samþykkt á stjórnarfundum 13. febrúar 2025